

**Fréttatilkynning til Kauphallar Íslands:**

## Árshlutareikningur RARIK fyrstu sex mánuði ársins 2022

*Hagnaður af starfsemi RARIK nam 314 milljónum króna á fyrri helmingi ársins.*

Rekstrarhagnaður af starfsemi RARIK fyrir fjármagnsliði (EBIT) á fyrri hluta ársins 2022 nam 934 milljónum króna en var 1.107 milljónir króna á fyrri helmingi ársins 2021.

Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 1.250 milljónir króna á tímabilinu en þeir voru neikvæðir um 687 milljónir króna á fyrri hluta ársins 2021. Breyting skýrist að verulegu leyti af hækkun verðbóta.

Áhrif hlutdeildarfélagssins Landsnets hf. voru jákvæð um 567 milljónir króna, samanborið við 467 milljónir króna á fyrri hluta ársins 2021.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður tímabilsins 314 milljónir króna samanborið við 803 milljónir króna á sama tímabili 2021.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) var 2.318 milljónir króna eða 27% af veltu tímabilsins, samanborið við að hann nam 30% af veltu á sama tímabili árið áður.

Hreint veltufé frá rekstri, fyrir vexti og skatta, var 2.277 milljón króna samanborið við 2.381 milljón króna á sama tímabili árið 2021.

Eignir RARIK samkvæmt efnahagsreikningi 30. júní 2022 voru 83.539 milljónir króna en skuldir 29.495 milljónir króna. Eigið fé félagsins var því 54.044 milljónir króna og eiginfjárhlutfallið um 65% og hækkaði lítillega á tímabilinu.

Fjárfestingar á árinu 2022 eru áætlaðar um 7 milljarðar króna en fjárfestingar fyrstu sex mánuði ársins námu um 2,2 milljörðum króna.

Gert er ráð fyrir að rekstur RARIK á árinu 2022 verði í járnum einkum vegna verðlagsáhrifa á verðtryggðar skuldir samstæðunnar. Gert er ráð fyrir að afkoma fyrir fjármagnsliði á seinni hluta ársins verði jákvæð í samræmi við áætlanir.

Árshlutareikningur RARIK ohf. er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum.

Helstu stærðir samstæðureikningsins eru sýndar í meðfylgjandi töflu.

**Helstu stærðir samstæðureiknings RARIK, fjárhæðir eru í milljónum króna.**

	Jan-jún <b>2022</b>	Jan-jún <b>2021</b>	Jan-jún <b>2020</b>	Jan-jún <b>2019</b>	Jan-jún <b>2018</b>	Jan-jún <b>2017</b>
Rekstartekjur	8.630	8.207	8.170	8.365	8.354	7.182
Rekstrargjöld	7.636	7.100	7.131	6.749	6.643	6.115
Rekstrarhagnaður	934	1.107	1.039	1.616	1.711	1.067
Hrein fjármagnsgjöld	-1.250	-687	-1.014	-735	-447	-252
Áhrif hlutdeildarfélags	567	467	404	538	373	257
Hagnaður fyrir skatta	251	887	429	1.419	1.637	1.072
Tekjuskattur	63	-84	-5	-176	-253	-163
Hagnaður	314	803	424	1.243	1.384	909
Eignir samtals	83.539	77.919	69.450	67.530	63.939	57.010
Eigið fé	54.044	49.876	45.894	42.732	38.961	36.077
Skuldir	29.495	28.043	23.556	24.798	24.978	20.933
Handbært fé frá rekstri	1.520	1.020	1.423	1.790	1.559	1.627
Greidd vaxtagjöld	383	369	346	366	301	317
EBITDA	2.318	2.453	2.256	2.715	2.659	1.975
Vaxtaþekja	6,1	6,6	6,5	7,4	8,8	6,2
Eiginfjárlutfall	64,7%	64,0%	66,1%	63,3%	60,9%	63,3%

Árshlutareikningur RARIK fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2022 var samþykktur á fundi stjórnar þann 25. ágúst 2022.

Nánari upplýsingar veitir Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri RARIK í síma 528 9000.